

# Starfsáætlun

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði

1. – 6. bekkur

Skólaárið 2015-2016



## **STARFSÁÆTLUN..... 3**

1.	INNGANGUR .....	3
2.	STJÓRNISKIPULAG SKÓLANS .....	3
3.	STARFSFÓLK SKÓLANS .....	8
1.	SKÓLADAGATAL .....	12
2.	STARFSÁÆTLUN NEMENDA .....	13
3.	SKÓLAREGLUR .....	15
4.	UPPLÝSINGAR UM SKÓLASTARFIÐ OG KYNNINGAR .....	17
5.	FORELDRAFÉLAG SKÓLA OG FORELDRASAMSTARF .....	18
6.	NEMENDAFÉLAG SKÓLANS .....	22
7.	STOÐPÍJÓNUSTA .....	22
8.	HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR UM SKÓLASTARF .....	27
9.	MAT Á SKÓLASTARFI .....	30
10.	SAMSTARF VIÐ ÖNNUR SKÓLASTIG OG GRENNDARSAMFÉLAG .....	30
11.	FRÍSTUNDASTARFSEMI .....	31
12.	ÝMSAR ÁÆTLANIR .....	31
	HEIMILDIR OG ÍTAREFNI .....	36



# Starfsáætlun

## 1. Inngangur

Samkvæmt 29. gr. grunnskólalaga 2008 ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaleyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfslið skólans, stjórnerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitastjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Hér birtist starfsáætlun Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði fyrir skólaárið 2015-2016. Nánari upplýsingar er hægt að nálgast í skólanámskrá á heimasíðu skólans <http://www.hjalli.is/bsk7610/>

## 2. Stjórnskipulag skólans

### 2.1. Hugmyndafræði og skólabragur

Skólabragur og stofnanamenning Barnaskólans byggir á meginreglum Hjallastefnunnar. Þar er kveðið á um þau viðhorf til barna og fjölskyldna sem starfsmannahópurinn sameinast um að útfæra á hverju skólaári. Grundvöllurinn er hugmyndafræði þar sem bæði þarfir barna svo og réttur þeirra til að njóta bernsku



sinnar er í fyrirrúmi. Í meginreglunum er einnig skýr áhersla á hlutverk starfsfólks og þeim samskiptamáta sem setur jákvæðni og lausnamiðaðar aðgerðir í fyrsta sæti og þar er einnig starfsmanna- og jafnréttisstefna skólans. Einnig kveða meginreglurnar á um umhverfi og efnivið skólans svo og viðhorf til umhverfis og náttúru (sjá meginreglur hér á eftir).

Leiðarljósin í uppeldisstarfi Barnaskólans í Hafnarfirði byggjast á kynjanámskrá Hjallastefnunnar sem betur er kynnt hér á eftir. Leiðarljósin felast í alls sex meginþáttum sem taka bæði til einstaklingsstyrkingar og félagslegrar þjálfunar og eru þau eftirfarandi:

- |                         |   |
|-------------------------|---|
| <b>1. Agi:</b>          | Virðing, hegðun, kurteisi, framkoma         |
| <b>2. Sjálfstyrkur:</b> | Sjálfstæði, sjálfstraust, öryggi, tjáning   |
| <b>3. Samskipti:</b>    | Umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni, samstaða |
| <b>4. Jákvæðni:</b>     | Gleði, bjartsýni, ákveðni, hreinskiptni     |
| <b>5. Vinátta:</b>      | Félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur   |
| <b>6. Áræðni:</b>       | Kjarkur, kraftur, frumkvæði, framtak        |

Skólabúningar eru notaðir í Barnaskólanum. Markmiðið er margþætt en sem dæmi má nefna að með samskonar skólafatnaði styrkist liðsheild allra barnanna, samkeppni minnkar og öll börn mæta í þægilegum og slitsterkum vinnufatnaði á degi hverjum. Fötin eru hin sömu fyrir bæði kyn til að auka samkennd og draga úr kynjabundnum viðhorfum í klæðnaði. Skólafötin eru bláar buxur, rauðar eða bláar léttbuxur og í boði eru bæði langerma og stuttermá bolir með merkinu okkar. Börn velja um bláa eða rauða boli og einnig eru bæði blá og rauð „buff“ með Hjallastefnumerkinu. Rauð flíspeysa er einnig hluti skólafata.

Foreldrum er ekki skylt að kaupa fatnaðinn en þeim er tilkynnt um fyrirkomulagið strax í upphafi þegar þeir velja skóla. Skólinn selur fötin og foreldrar geta dreift kostnaði við kaupin á allt að 6 mánuði.



## **2.2. Meginreglur Hjallastefnunnar**

Meginreglurnar eru grundvöllurinn að öllu starfi Hjallastefnuskóla. Þær eru í reynd bæði stefnuyfirlýsing og hugmyndafræði skólanna og fela í sér þá lífssýn og mannskilning sem allt starfsfólk sameinast um. Meginreglurnar eru í skýrri forgangsröð þar sem fyrstu reglurnar hafa skýran forgang og hver regla byggir á þeirri sem á undan kemur. Jafnframt er fyrsta reglan innsti kjarni starfsins og koll af kolli umlykur hver regla þá næstu á undan.

**Fyrsta meginregla;** börn og foreldrar: Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólfkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga óháð uppruna og menningu. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á víðfeðman hátt að velgengni allra.

**Önnur meginregla;** starfsfólk: Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við **börn og foreldra og aðra sem koma að málum skólans.**

**Priðja meginregla;** umhverfi: Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur eru sýnilegar og áþreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðráðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.

**Fjórða meginregla;** efniviður: Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikefnivið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim með eigin lausnum og raunveruleikatengd verkefni eru í fyrirrúmi.

**Fimmta meginregla;** náttúra: Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.

**Sjötta meginregla;** Samfélag: Hjallastefnunni er ætlað að þjálfa aga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan en um leið ákveðinn og hreinskiptinn hátt. Með nákvæmni og festu verður taminn vilji, leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla í rósemد og friði innan skólasamfélagsins og síðar til ábyrgrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.



### **2.3. Starfsemi skólans**


Barnaskólinn í Hafnarfirði er með starfsleyfi grunnskóla fyrir börn á aldrinum 6-11 ára. Barnaskólinn er sjálfstætt starfandi grunnskóli sem hóf starfsemi sína í Hafnarfirði haustið 2006. Skólinn er staðsettur í tveggja hæða varanlegu húsnæði við Víðistaðatún. Þar er yngra stig skólans en miðstig verður í annarri starfsstöð veturinn 2015-16. Starfstöð miðstigs verður í Engidalsskóla við Breiðvang. Allt starf skólans gengur út frá kynjanámskrá Hjallastefnunnar þar sem er unnið að jafnrétti kynjanna, jöfnum tækifærum þeirra til náms og leiks. Samstarf við aðra Hjallastefnugrunnskóla er þó nokkuð. Stjórnendur hittast reglulega og bera saman bækur sínar og kennrar eiga reglulega sameiginlega starfsdaga. Sameiginlegur verkefnastjóri er yfir grunnskólunum. Börn heimsækja jafnaldra sína einnig á milli skóla stöku sinnum.

Skólinn er sjálfstætt rekinn skóli skv. 43. grein grunnskólalaga og starfar á grundvelli skipulagsskrár sem staðfest er af menntamálaráðherra. Skólanefnd og stjórn Hjallastefnunnar fara með æðsta vald í málefnum skólans skv. grunnskólalögum.

Skólaárið 2015-2016 eru 114 börn í skólanum á aldrinum 6 - 9 ára og 24 börn á miðstigi á aldrinum 10-11 ára. Kennrar og annað starfsfólk eru um 23 talsins.



## 2.4. Skipurit Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði



## **2.5. Stjórnendateymi.**

Skólastýra Barnaskólans er Hildur Sæbjörg Jónsdóttir. Hún er stjórnandi yngra stigs og staðsett á Hjallabraut. Skólastýra miðstigs er Íris Helga Baldursdóttir og er staðsett í starfsstöð miðstigs í Engidalsskóla. Skólastjórnendur er í nánu samstarfi við framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar, Ingibjörgu Ösp Stefánsdóttur, og Margréti Pálu Ólafsdóttur, stjórnarformann Hjallastefnunnar. Skipa ofangreindar stjórnendateymi skólans.

## **2.6. Skólaráð**

Í **lögum um grunnskóla, nr.91/2008**, 8. gr. segir að við grunnskóla skuli starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Í Barnaskólanum er skólaráð starfandi og er það skipað af foreldrum, fulltrúa úr grenndarsamfélagi, skólastjóra, kennara og starfsmanni skólans. Skólaráðið fundar að meðaltali á sex vikna fresti (Lög um grunnskóla).

Skólaárið 2015-2016 sitja eftirtaldir í skólaráði: Valgerður Árnadóttir og Þórhildur Höskuldsdóttir.

# **3. Starfsfólk skólans**

## **3.1. Verksvið starfsfólks**

Verksvið starfsfólks er mismunandi eftir starfsheitum. *Skólastjóri starfar skv. 7.grein grunnskólalaga.*

Verksvið skólastjóra nær til faglegra hliða skólastarfsins og daglegrar umsýslu. Hann ber ábyrgð á stefnumörkun skólans og vinnur við hana eftir því sem honum er falið af sveitarstjórn eða kveðið er á í lögum og reglugerðum. Skólastjóra ber að kynna sér eftir föngum störf kennara og annarra starfsmanna skólans og árangur þeirra. Honum ber einnig að gera sér far um að veita kennurum og öðrum starfsmönnum skólans allt það lið sem hann má með ráðum og dáð. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Ætíð skal boða fund ef þriðjungur kennara skólans æskir þess.

Kennari, sem ráðinn er til starfa í grunnskóla, skal gegna því samkvæmt lögum, reglugerðum, aðalnámsskrá grunnskóla, erindisbréfi og kjarasamningum.

*Starfsfólk grunnskóla starfar skv. 11. og 12. grein grunnskólalaga.*



Á kennara hvílir sú skylda að miðla þekkingu til nemenda og veita hverjum nemenda tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði nemenda og frjóa hugsun. Kennara ber að sjá til þess að sérhver nemandi fái viðfangsefni við hæfi, aðstoða hvern og einn í náminu, hvetja til sjálfstæðra vinnubragða. hjálpa hverjum og einum til að meta stöðu sína í náminu og stuðla að því að hver nemandi tileinki sér heilbrigðar lífsvenjur. Kennari skal leitast við að vera nemendum sínum til fyrirmynadar um háttvísi, stundvísi og reglusemi og gæta trúnaðar við nemendur og virða þann trúnað

sem þeir sýna honum. Kennari gæti þagmælsku um þau einkamál er hann fær vitneskju um í starfi og þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Kennara ber að annast kennslu og nauðsynlegan undirbúning samkvæmt stundaskrá og sinna öðrum störfum við grunnskólann sem honum eru falin af skólastjóra enda samræmast þau starfssviði hans. Í starfi kennara felst meðal annars:

- að annast kennslu samkvæmt meginmarkmiðum aðalnámskrár og stefnu skólans
- að skipuleggja kennslu sína í samræmi við markmið grunnskólalaga og með hliðsjón af þörfum og þroska nemenda hverju sinni
- að fylgjast með ástundun, framkomu og líðan nemenda og gera skólastjóra og forráðamönnum nemenda viðvart ef hann telur þörf á
- að fylgjast með aðbúnaði til náms og kennslu og gera skólastjóra viðvart ef umbóta er þörf
- að færa dagbækur reglulega, nemendaskrár, einkunnabækur og aðrar nauðsynlegar skýrslur
- að veita umsjónarkennurum og námsráðgjöfum upplýsingar um námsgengi einstakra nemenda
- að veita foreldrum sem gleggstar upplýsingar um skólann og skólastarfið og gengi viðkomandi nemenda
- af hafa hagsmuni nemenda að leiðarljósi og sýna hverjum og einum virðingu, áhuga og umhyggju
- að hafa jafnrétti nemenda í öllu skólastarfi að leiðarljósi.



### **3.2. Móttaka nýrra starfsmanna.**

Þegar nýr starsfmaður byrjar í skólanum er honum boðið í heimsókn í skólann þar sem hann fær kynningu á starfi og vinnuramma. Þá er farið yfir grunnþætti Hjallastefnunnar og uppbyggingu skólastarfsins. Það er mikilvægt að starfsfólk fái góða kynningu á starfinu þar sem Hjallastefnan er frábrugðin hefðbundnu skólastarfi á margan hátt. Að hausti sækir nýtt starfsfólk nýliðanámskeið Hjallastefnunnar. Boðið er upp á reglulega upprifjun og fræðsla er í kynjanámskrá og grunnþáttum Hjallastefnu yfir skólaárið.

### **3.3. Símenntun**

Í Barnaskólanum í Hafnarfirði er regluleg endurmenntun. Starfsfólk skólans kemur til vinnu 11. ágúst 2015 og sækir símenntunarnámskeið.. Skólinn tók þátt í þróunarverkefni um Byrjendalæsi og Orð af orði og nýtir það nú í sinni kennslu. Leiðtogað úr skólum Hjallastefnunnar halda áfram með smiðjur og námskeið til að fylgja því verkefni eftir.

Kennrarar í Barnaskólanum hafa lokið grunn-og framhaldsnámskeiði í Numcon. Numicon eru stærðfræðigögn og námsefni sem byggð eru á hugmyndum Montessori, Stern og Cuisenaire. Þau hafa verið þróuð af háskólaprófessorum í Bretlandi. Barnaskólar Hjallastefnunnar hafa unnið með þetta verkefni og innleitt í stærðfræðikennslu.

Barnaskólinn hefur innleitt leiðsagnarmat. Kennrarar skólans hafa nú þegar farið á námskeið og setið vinnufundi um undirbúning þess verkefnis. Skólastjórnendur halda utan um áætlun um innleiðingu og undirbúning. Kennrarar í Barnaskólanum hafa sótt námskeið í spjaldtölvukennslu og mun Einar Ómarsson sjá um utanuhald og kennslu fyrir kennara.

Hjallastefnunámskeið og ráðstefnur eru reglulegur hluti af símenntun kennara. Í ágúst fara kennrarar á námskeið og fyrirlestra auk þess sem nýjir kennrarar fara á nýliðanámskeið. Mikil áhersla er lögð á lestrarkennslufræði. Þann 11. september er haustráðstefna Hjallastefnunnar sem er liður í endurmenntun kennara.



### **3.4. Ábyrgð og skyldur starfsfólks**

Í meginreglu tvö segir; Hjallastefnunni er ætlað að byggja upp þau viðhorf í starfi að jákvæðni, gleði og kærleiki ráði alltaf ferðinni í samskiptum starfsfólks barna og foreldra.

### **3.5. Nöfn, netföng og starfsheiti:**

.Nöfn og netföng starfsfólks Barnaskólangs er að finna á heimasíðu skólans, [hjalli.is/bsk7610](http://hjalli.is/bsk7610). Allir kennarar eru í 100% starfi.

Starfsmannahandbók er gefin út af Hjallastefnunni og er afhent til eignar öllu starfsfólki skólans sem hefur störf við skólann.

Starfsfólk Barnaskólangs:

Hildur Sæbjörg Jónsdóttir	skólastýra yngra stigi
Íris Helga Baldursdóttir	skólastýra miðstigi
Guðbjörg Árnadóttir	6 ára stúlnakjarni
Guðrún Jóhannsdóttir	6 ára drengjakjarni
Gunnar Már Guðmundsson	íþrótt-a-og sundkennari
Helga Birna Guðmundsdóttir	8 ára stúlnakjarni
Hildur Sonja Guðmundsdóttir	9 ára drengjakjarni
Hrefna Gunnarsdóttir	6 ára drengjakjarni
Ingibjörg Karlsdóttir	7 ára stúlnakjarni
Ingibjörg Thomsen	sérkennsla
Jón Bjarni Bjarnason	sérkennsla
Jón Már Ferro	10 - 11 ára drengjakjarni, stuðningur
Magrét Egilsdóttir	10-11 ára stúlnakjarni
María Lovísa Magnúsdóttir	9 ára stúlnakjarni
Marta María Hirst	10 - 11 ára drengjakjarni
Monika Lemecha	stoðþjónusta
Natalía Jakobsdóttir	8 ára drengjakjarni
Nikkita Hamar Patterson	ensku kennari
Ruth Margrét Friðriksdóttir	7 ára drengjakarni
Sandra Bergljót Clausen	8 ára drengjakjarni
Svanhildur Una Einarsdóttir	8 ára stúlnakjarni
Þorsteinn Emilsson	matráður
Agnes Alda Magnúsdóttir	Frístund
Birgitta Guðmundsdóttir	Frístund



### **3.6. Trúnaðarmenn og öryggisvörður**

Trúnaðarkona starfsfólks er Guðbjörg Árnadóttir.

Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður er Þorsteinn Emilsson.

Hjallastefnan er með samning við Vinnuvernd þar sem starfsfólki býðst að nýta sér læknispjónustu samkvæmt samningi.

## **1. Skóladagatal**

- Skóla- og kennsludagar eru alls 180 samkvæmt 28.gr. grunnskólalaga.
- Skólasetning verður föstudaginn 21. ágúst og skólaslit á þriðjudagi 7. júní 2016.
- Jólaleyfi er frá föstudeginum 18. desember og hefst kennsla nýju ári, þriðjudaginn 5. janúar. Frístundastarf er opið fyrir börn 21., 22., 28., 29. og 30. desember fyrir 1.-4. bekk.
- Páskaleyfi er skráð frá föstudeginum 18. mars og hefst kennsla aftur á þriðjudeginum 29. mars. Frístundastarf er opið í dymbilviku, dagana 21.22. og 23. mars.
- Vetrarfrí er á sama tíma og í öðrum grunnskólum Hafnarfjarðar; 19 og 20. október á haustönn og 25. og 26. febrúar á vorönn.

### **1.1. Skipulagsdagar í Barnaskólanum**

- Föstudagur 11. september, Hjallastefnuráðstefna
- Föstudagur 20. nóvember
- Mánudagur 4. janúar
- Miðvikudagur 24. febrúar
- Mánudagur 17. maí

### **1.2. Foreldraviðtöl**

Foreldraviðtöl eru á laugardögum, einu sinni á hvarri önn, 7. nóvember og 5. mars.



### **1.3. Kennsludagar**

Í Hjallastefnuskólum eru engir skertir dagar á skóladagatali fyrir utan skólasetningu og skólaslit sem eru örlítið styttí en aðrir skóladagar. Skólasetningardagur hefst kl.13.00 og að. Á degi skólaslita eru börn í skólanum fram að skólaslitum sem eru ávallt eftir hádegi og fara að þeim loknum á vorhátið foreldrafélagsins.

### **1.4. Samræmd próf**

Samræmd próf 4. bekkjar eru í september. Íslenskupróf fimmtudaginn 24. september og stærðfræðipróf föstudaginn 25. september.

### **1.5. Vettvangsferðir**

Í Barnaskólanum fara börn og kennrarar reglulega í vettvangsferðir sem tengjast verkefnum og námi barnanna sem og skemmtiferðir sem auka víðsýni og reynslu barna. Á hverju vori fara börn og kennrarar Barnaskólans í tveggja nátta vorferð. Er það liður í áraðnislotu sem er síðasta lota vetrarins samkvæmt kynjanámskrá. Áfangastaðir eru misjafnir eftir aldri.

## **2. Starfsáætlun nemenda**

### **2.1. Stundafjöldi og kennslutími**

Starfstími nemenda á skólaárinu 2015-2016 er frá 21. ágúst til og með 7. júní 2016. Kennsludagar eru 180 skv. meðfylgjandi drögum að skóladagatali sem fullnægir kröfu í 28. gr. laga um grunnskóla um fjölda skóladaga svo og kröfum sömu greinar um leyfi og hvíldartíma nemenda.

Vikulegur kennslutími hvers nemanda verður að lágmarki hjá yngra stigi 1200 mínútur á viku eða 240 mínútur á dag og 1200 mínútur á viku eða 280 mínútur á dag á miðstigi, sbr. meðfylgjandi drögum að kennsluskrá (stundaskrá) skólans. Um er að ræða skipulagðar kennslustundir. Það samsvarar 30 kennslustundum á viku sbr. ákvæði um 1.-4. bekk í 28. gr. laga um grunnskóla og 35 kennslustundir hjá miðstigi.



## **2.2. Starfsemi skólans.**

Starfsemi grunnskólans þ.e. markmið námsins, kennsluhættir og starfshættir grunnskóla mun að öllu leyti fylgja aðalnámskrá svo og skólanámskrá og starfsáætlun sbr. ákvæði í 24. og 29. gr. laga um grunnskóla. Jafnframt verður starfað í anda annarrar greinar sömu laga.

Námshópar bera heitið kjarnar og samsvarar einn kjarni, bekkjardeild. Kynjaskiptir kjarnar eru starfandi stóran hluta skólatímans en að auki eru samskipti og samvinna milli kynjanna skv. námskrá.

Mikið listastarf er í skólanum. Sérgreinar eru ýmist kenndar af kennurum skólana eða gestakennurum. Tónlistarsmiðjur eru kenndar og öflugt myndlistarstarf er í skólanum. Jóga og hugleiðsla er kennd vikulega og í smiðjum.

## **2.3. Kennsluáætlanir**

Kennrarar gera kennsluáætlanir fyrir skólaárið eftir markmiðum hvers árgangs samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla. Einnig eru gerðar ítarlegri áætlanir fyrir hverja lotu kynjanámskrár sem og vikuáætlanir. Eru þær sendar foreldrum á hverjum föstudagi.



## 3. Skólareglur

### 3.1. Skólareglur Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði

Hjallastefnan byggir á því að gengið sé um nánasta umhverfi af virðingu þar sem virðing fyrir einstaklingum er í hávegum höfð. Lögð er áhersla á háttvísi (háttvísi og kurteisi er það sama) með markvissum agaæfingum. Skólareglur eru einfaldar og fáar og settar í samvinnu við börnin sjálf í byrjun hvers skólaárs. Kennrarar halda utan um mætingu og stundvísi hvers barns. Skólastjóri kemur að því máli þar sem við á og þegar þurfa þykir.

Í kynjanámskrá Hjallastefnunnar er kveðið á um hvernig börn skuli haga sér í skólastarfinu.

Ekki eru viðurlög við brotum á þeim reglum önnur en þau að börnum er leiðbeint og þeim kennt að æfa æskilega hegðun. Ef ekki gengur að aðstoða barn í skólastarfinu er haft samband við foreldra og þeim gert viðvart um hegðun. Unnið er í sameiningu að bættri hegðun. Lagt er upp með skýr skilaboð og einfaldar samskiptareglur.

Úr Handbók Hjallastefnunnar

Yfirheiti	Lotulyklar
Agi	Virðing, hegðun, kurteisi, framkoma
Sjálfstæði	Sjálfstyrking, sjálfstraust, öryggi, tjáning
Samskipti	Umburðarlyndi, hjálpsemi, vísýni, samstaða
Jákvæðni	Félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur
Áræðni	Kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði

Skólinn byrjar stundvíslega klukkan 8.30 á yngra stigi og miðstigi.

Nemendur og kennrarar klæðast skólaufotum í skólanum.

Við berum virðingu fyrir okkur sjálfum og öðrum.

Við berum virðingu fyrir og hugum að umhverfi okkar.



### 3.2. Leiðtogar

Í Barnaskólanum skiptast börnin á hverjum kjarna á að vera leiðtogar. Hlutverk leiðtogans er fyrst og fremst að vera góð fyrirmynnd fyrir hin börnin.

- Eftir því sem leiðtoginn eflist og eldist getur hann tekið þátt í að skipuleggja að einhverju leyti daginn með kennaranum t.d í óskavaliog þætti í dagskipulaginu sem eru sveigjanlegir.
- Leiðtoginn getur fylgst með dagskipulaginu og látið vita þegar skipta á um stöðvar eða þegar komið er að ávaxtastund og vali o.p.h.
- Leiðtoginn getur stjórnað valfundi þegar kennari er kominn með góðan valfund og börnin alveg með á nótunum hvernig hann eigi að fara fram.
- Leiðtoginn getur hugsanlega tekið þátt í að leiða lýðræðisfundi með kennaranum þar sem farið er yfir samskiptin á kjarnanum og komið með ábendingar um lausnir ef upp koma minniháttar samskiptavandamál.
- Leiðtoginn getur líka komið með góðar hugmyndir að verkefni og hvernig eigi að framkvæma þær þannig að hann læri að fá fólk með sér í framkvæmd og úrlausn á hugmyndavinnu.

Gott er að gera leiðtogaæfingar og fara t.d. í ferðir þar sem leiðtoginn leiðir hópinn í gegnum einhvers konar óvissu. Leiðtogaæfing í gegnum skóginn í Öskjuhlíð er dæmigerð æfing. Þá verður leiðtoginn að passa að halda hópinn og að finna góða leið fyrir alla. Hann á ekki að vera "fyrstur í mark" heldur að sjá til þess að koma öllum börnum heilum og höldnum heim.

Leiðtoginn er hins vegar **ekki** aðstoðarkennari og á ekki að gefa vinum og vinkonum fyrirmæli eða vera með athugasemdir varðandi hegðun þeirra. Hann hefur ekki vald til að bjóða vinum/vinkonum að "gjöra svo vel" eða að fara í röð eða gefa annars konar fyrirmæli eftir því hvernig börnin hegða sér eða hvort hin börnin eru vel kjörnuð.



Markmið með leiðtoganum er að gera börnin sjálfstæð, nota gagnrýna hugsun, efla þau félagslega og persónulega og styrkja þau í skapandi hugsun. Þau fá að taka þátt í að móta starfið, koma með ábendingar og stinga upp á verkefnum. Þau eru spurð að því hvernig best sé að framkvæma hugmyndina og verða þau að koma með úrslausn. Svo þurfa þau að fá vini sína og vinkonur með í verkefnið.

## 4. Upplýsingar um skólastarfið og kynningar

### 4.1. Kynningar á skólastarfi.

Þegar komið er í skólann fylla foreldrar út dvalarsamning og skrá þá hversu mikla frístund þau kjósa fyrir barnið sitt. Allar upplýsingar um skólagjöld og dvalargjöld í frístundarstarfi eftir skólatíma er að finna á heimasíðu skólans, [www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

Þegar barnið mætir í skólann fær fjölskyldan upplýsingar um skólastarfið, námsmarkmið árgangs og fleiri þætti sem gott er að vita. Þessar upplýsingar geta foreldrar sótt á heimasíðu skólans.

Á hverju skólaári bætast nýjir nemendur í hópinn og nýtt starfsfólk. Börn sem eru að hefja skólagöngu í Barnaskólanum koma í heimsókn áður en skólagangan hefst. Sú heimsókn er skipulögð í samvinnu við foreldra. Börn sem bætast í hópinn eftir að skóli hefst að hausti koma einnig í heimsókn ásamt foreldri áður en skólavist hefst. Skólastjóri tekur sérstaklega á móti barni og foreldrum. Í heimsókninni kynnast börn og foreldrar skólaumhverfinu og hitta viðkomandi kennara sem mun hafa umsjón með barninu. Skólastjóri skipuleggur þjónustu sem veitt er börnum af erlendum uppruna. Börnunum er sérstaklega fylgt eftir af kennara þess og skólastjóra. Sérstakur stuðningur við einstaklinga sem ekki tala íslensku við komu í skólann er veittur í formi einstaklingsþjálfunar, þar sem barnið fær aukna þjálfun í námsveri skólans.



#### **4.2. Samskiptaleiðir**

Stjórnendur og kennarar Hjallastefnunnar leggja mikið upp úr nánd og góðu samstarfi. Þess vegna er unnið mjög markvisst að því að auðvelt sé fyrir foreldra að ná í stjórnendur og kennara í skólanum. Foreldrar geta hringt beint í farsíma skólastýra og sent tölvupóst á netföng þeirra [irishelga@hjalli.is](mailto:irishelga@hjalli.is) og [hildur@hjalli.is](mailto:hildur@hjalli.is)

## **5. Foreldrafélag skóla og foreldrasamstarf**

Í lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, 9. gr. er kveðið á um að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla (Lög um grunnskóla).

Í Barnaskólanum í Hafnarfirði er virkt foreldrafélag. Stjórn foreldrafélagsins er skipuð að hausti og fundar stjórnin einu sinni í mánuði.

#### **5.1. Kynning, lög og starfsreglur**

Lög foreldrafélags Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði

##### **1.gr.**

Félagið heitir Foreldrafélag Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði.

##### **2. gr.**

Heimili félagsins og varnarþing er í Hjallabraut 55, 220 Hafnarfirði.

##### **3. gr**

Tilgangur félagsins er að gæta hagsmuna barna við skólann, skipuleggja uppákomur, taka við foreldraframlagi og ráðstafa því.

##### **4. gr.**

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að funda að minnsta kosti sex sinnum á ári og oftar ef þörf krefur og fara yfir þau mál sem liggja fyrir og skipuleggja það sem þarf.

##### **5. gr.**



Stofnfélagar eru:

Arna Friðriksdóttir, Hraunkambi 6, 220 Hafnarfirði, kt. 040576-3049

Pórhildur Höskuldsdóttir, Norðurbraut 26, 220 Hafnarfirði, kt. 050475-5819

Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, Herjólfsgötu 24, 220 Hafnarfirði kt. 191075-5959

Úlfur Grönvold, Hvammabraut 12, 220 Hafnarfirði, kt. 030166-4699

#### **6.gr.**

Félagsaðild hafa allir foreldrar og forráðamenn barna í Barnaskóla  
Hjallastefnunnar í Hafnarfirði.

#### **7. gr.**

Stjórn félagsins skal skipuð 8-10 félagsmönnum þ.e. formanni og 7-9  
meðstjórnendum. Stjórnarmenn skulu kosnir til eins árs í senn og formaður skal  
kosinn á hverjum aðalfundi. Formaður boðar stjórnarmenn á stjórnarfundi þegar  
þurfa þykir.

Daglega umsjón félagsins annast formaður.

Firmaritun félagsins er í höndum meirihluta stjórnar.

#### **8. gr.**

Starfstímabil félagsins er skólaárið. Á aðalfundi félagsins skal stjórn gera upp  
árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þáttakendur í aðalfundi. Boða  
má gesti á fundinn en þeir hafa ekki atkvæðarétt.

#### **9. gr.**

Árgjald félagsins er 4400 með hverju barni. Upphæðin skiptist niður á 11 mánuði  
og skal innheimt með öðrum gjöldum frá skólanum.

#### **10. gr.**

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í uppákomur fyrir börnin  
eða í þágu þeirra, kaup á tækjum og ýmsu sem gagnast börnunum í skólanum og  
fleiru í þágu barnanna og skólans.

#### **11. gr.**

Ákvörðun um slit félags verður tekin á aðalfundi með einföldum meirihluta og  
renna eignir þess til Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði.



Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi félagsins og öðlast gildi 17. október 2011.

### 5.2. Nöfn og netföng stjórnar

Kjarni	Foreldri	Netfang
<b>6 ára stúlkur</b>	Iðunn E. Kristinsdóttir	Idunn.e.kristinsdottir@gmail.com
<b>6 ára drengir</b>	Lilja Olsen	lilja.olsen@gmail.com
<b>7 ára stúlkur</b>	Valgerður Árnadóttir	oldutun20@gmail.com
	Sigga Maja	siggam@hjalli.is
<b>7 ára drengir</b>	Agnes Braga Bergsdóttir	agnesbragabergs@gmail.com
	Ásdís Björk	disa74bjork@hotmail.com
	María Narfadóttir	pusta@simnet.is
<b>8 ára stúlkur</b>	Elín Margrét Práinsdóttir	elinm1982@gmail.com
<b>8 ára drengir</b>	Hanna Lúðvíksdóttir	hannasin@gmail.com
<b>9 ára stúlkur</b>	Eva María Guðmundsd.	evamariagudmundsdottir@gmail.com
<b>9 ára drengir</b>	Hildur Brynja Sigurðard.	hildurbrynja@hotmail.com
	Pórhildur Höskuldsdóttir	hillahosk@gmail.com
<b>10 ára stúlkur</b>	Ásta Kristjánsdóttir	svanzy@gmail.com
<b>10 ára drengir</b>	Nína Snorradóttir	snorradottir@gmail.com
	Kristín Hannesdóttir	kristinh@gmail.com



### **5.3. Kjarnafulltrúar**

Kjarnafulltrúar eru á hverjum kjarna, að minnsta kosti tveir foreldrar/forráðamenn fyrir hvern hóp. Hlutverk þeirra er að halda utan um kjarnakvöld einu sinni á önn í það minnsta, auk þess að vera tengiliður foreldra kjarnans og stjórnar foreldrafélags.

### **5.4. Viðburðir á vegum foreldrafélags**

Viðburðir á vegum foreldrafélagsins eru meðal annars eftirfarandi:

Fjáraflanir af ýmsu tagi; hingað til hafa þær verið tækifæriskort, bingó, kaffihús, Umhverfisvaktin og samningur við Atlantsolíu.

Gjöf til skólans að hausti.

Fengin fyrirlesari 1x sinni yfir skólaárið. Með þeirra sem hafa komið eru Spilavinir sem komu og spiluðu með fjölskyldum í tengslum við fyrirlestur sem fjallaði um samskipti.

Tengiliðir vegna skólamyndatöku.

Séð um vorhátíð skólans (veitingar og skemmtiatriði).

Tilfallandi viðburðir, t.d. stóð stjórn að því að safna bókum og gefa skólann í fyrra.

### **5.5. Útvistarreglur**

Börn sem eru 12 ára og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20.00 á tímabilinu 1. september til 1. maí. 1. maí til 1. september mega börn 12 ára og yngri vera úti til kl. 22.00. Foreldrar og forráðamenn hafa fullan rétt til að styttu þennan tíma. Útvistarreglur eru samkvæmt barnaverndarlögum og miðast aldur við fæðingarár.



## **6. Nemendafélag skólans**

Í lögum um breytingu á lögum um grunnskóla, 1. gr. 17. gr. laganna, kemur fram að nemendarfélag skuli sitja a.m.k. einn fulltrúi úr hverjum árgangi 6.-10. bekkjar. (Lög um breytingu á lögum grunnskóla). Þar sem nemendur í Barnaskólanum eru á aldrinum 6-12 ára hefur verið farin önnur leið. Nemendafélag Barnaskólans er skipað öllum börnum á miðstigi, sem kjósa að taka þátt. Nemendafélagið hittist reglulega. Þau fara inn í kjarnana og heyra frá samnemendum sínum og setja upp hugmyndakassa sem þau kynna og fara reglulega yfir það sem þangað kemur. Tvö börn úr nemendaráði sitja einnig í skólaráði og mæta á fundi einu sinni á önn. Ekki er komin hefð fyrir neinum uppákomum á vegum nemendafélagsins.

## **7. Stoðþjónusta**

Við Barnaskólann starfar skólasálfræðingur, Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, sem sér um greiningar, viðtöl og annað sem við kemur börnum sem þurfa á sértækri aðstoð að halda. Deildarstjóri sérkennslu er Ingibjörg Thomsen og sér hún um ráðgjöf og almennt utanumhald sérkennslu. Allar greiningar og ráðgjöf eru í umsjón Barnaskólans, þ.e. skólastjóra og fara þær fram innan skólans. Skólasálfræðingur sér um greiningar auk þess sem hann í samstarfi við skólastjóra kallar til aðra sérfræðinga ef þurfa þykir. Skólinn er með starfssamning við Bryndísi Guðmundsdóttur talmeinafræðing varðandi greiningar sem varða tal-og málþroska. Einnig er skólinn í samstarfi við sérfræðing í lesskimun/LOGOS prófum sem prófar börn í skólanum ef grunur vaknar um lesblindu eða lesörðugleika.. Ef kennari óskar eftir því að barn sé athugað með einhverjum hætti er slíkt borið undir skólastjóra og viðkomandi foreldra/forráðamenn. Foreldrar/forráðamenn skrifa undir beiðni sem heimila þær athuganir sem óskað er eftir hverju sinni. Sérkennrarar halda utan um öll sérkennslugögn.



### **7.1. Sérkennsla og sérstuðningur**

Sérkennsla og sérstuðningur sbr. 17. gr. laga um grunnskóla er fyrir hendi og ætluð börnum sem eiga erfitt með nám sökum námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar. Leitað verður eftir samvinnu við sérfræðinga á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðarbæjar og einnig við sérfræðiteymi Hjallastefnunnar sem starfar undir forystu sálfræðings Hjallastefnunnar. Sérstakt sérkennslurými er í skólanum og aðgengi fatlaðra fyrir hendi.

### **7.2. Námsver**

Í skólanum er námsver. Þangað fara börn til dæmis til að að styrkja sig í námstengdum þáttum, fá vinnufrið eða til að fá meira ögrandi verkefni. Einn grunnskólakennari starfar í námsveri auk sérkennslustýru. Sjá þau um utanumhald um stuðning inni á kjörnum, einstaklingsþjálfun, félagsfærniþætti og kennslu í námstengdum þáttum. Sérkennslustýra í samráði og kennarií námsveri sitja teymisfundi, skilafundi, vinna að einstaklingsáætlunum og öðru því tengdu, sem fer eftir eðli mála og eftirfylgni. Allt er þetta gert í samvinnu við skólastjóra, kennara og sálfræðing skólans. Ýmist er unnið með börnum inni á kjarmanum þeirra, þeim boðið í hópatíma í námsveri eða boðið upp á einstaklingsþjálfun. Foreldrar/forráðamenn skrifa undir beiðni sem heimila þær athuganir sem óskað er eftir hverju sinni. Eftirfylgni og aðstoð fyrir börnin er samkvæmt lögum um sérkennslu (Reglugerð um sérkennslu).

### **7.3. Nemendaverndarráð**

Nemendaverndarráð er í Barnaskólanum sem starfar samkvæmt reglugerð um nemendaverndarráð

(<http://www.reglugerð.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/388-1996>). Í ráðinu eru skólastýrur, skólasálfræðingur, sérkennslustýra og skólahjúkrunarfræðingur. Nemendaverndarráð fundar annan hvern miðvikudag.



#### **7.4. Skólaheilsugæsla**

Skólaheilsugæsla er fyrir hendi skv. 41. gr. grunnskólalaga og er leitað til Heilsugæslustöðvar hverfisins. Skólaheilsugæslu er sinnt af heilsugæslunni í Firðinum og starfar hjúkrunarfræðingur í skertu starfshlutfalli við skólann. Skólahjúkrunarfræðingurinn sinnir allri fræðslu til barna og foreldra sem lög gera ráð fyrir.

Meginmarkmið skólaheilsugæslu er að stuðla að því að börn fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Hún er framhald af ung- og smábarnavernd og leitast við að efla heilbrigði nemenda og stuðla að velliðan þeirra. Starfsfólk heilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málEfnum nemendanna. Farið er með allar upplýsingar sem trúndarmál.

Ef upp kemur slys eða óhapp í skólanum er brugðist við því með tilliti til alvarleika þess og aðstæðna hverju sinni. Slysavarnir eru góðar þar sem húsnæðið er nýbyggt og uppfyllir ríkulega öryggiskröfur. Öryggi barna er alltaf í fyrirrúmi og leitast kennrarar við að fyrirbyggja að óhöpp komi upp en eins og alls staðar gera slysin ekki boð á undan sér. Það er mikilvægt að allt starfsfólk sé viðbúið og fer allt stafsfólk Barnaskólans í Hafnarfirði reglulega á skyndihjálparnámskeið. Slysaskráningar eru markvissar í skólanum.

#### **Reglubundnar skoðanir eru eftirfarandi:**

1. bekkur: Sjónpróf, heyrnarpróf, hæðarmælin og þyngdarmælin.
4. bekkur: Sjónpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling.

#### **Svefn og hvíld**

Mikilvægt er að virða svefn og hvíldarvenjur barna. Börn þurfa mikinn svefn og er æskilegast að börn séu komin í háttinn kl. 20:00. Svefn og hvíld er undirstaða þess að barn geti stundað nám af fullum krafti og átt góðan dag í samneyti við önnur börn og kennara.

#### **Tannvernd**

Flúorskolan fer fram hjá 6 ára börnum á tveggja vikna fresti.

#### **Lús**

Lúsin kíkir alltaf reglulega í heimsókn yfir skólaárið og því er mikilvægt að foreldrar kembi hár barna sinna reglulega, t.d. vikulega.



## **Lyfjagjafir**

Samkvæmt fyrirmælum Landlæknisembættis eru stérstakar vinnureglur varðandi lyfjagjafir til nemenda á skólatíma. Þar kemur m.a. fram að skólabörn skuli ekki fá önnur lyf í skónaum en þau sem hafa verið ávísuð af lækni. Í engum tilvikum getur barn borið ábyrgð á lyfjatökunni, ábyrgðin er foreldra. Börn skulu ekki hafa nein lyf undir höndum í skólanum nema í algjörum undantekningar tilvikum. Slíkar lyfjagjafir geta t.d. verið insúlíngjafir sem barnið sér alfarið um sjálft. Foreldrar/forráðamenn þeirra barna sem þurfa að taka lyf á skólatíma skulu hafa samband við skólahjúkunarfræðing og skólastjóra sem skipuleggja lyfjagjafir á skólatíma.



## Tilvísun til barnaverndaryfirvalda

Skólastjóri sér um að tilkynna mál til barnaverndaryfirvalda. Kennari barns tilkynnir mál til nemendaverndarráðs sem vísar málínu áfram til skólastjóra.

### Tilkynningar og bakvakt

Í 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er fjallað um tilkynningarskyldu þeirra sem afskipti hafa af börnum og segir þar;

*Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofnar heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.*

Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmaðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráð- gjöfum, þroskaþjálfum, og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

*Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstéttu.*

Atriði sem hafa þarf í huga þegar meta skal hvort tilkynna skuli um aðstæður barns/unplings til barnaverndar:

- Líkamleg og andleg vanræksla.
- Líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi.
- Ung börn eru skilin eftir gæslulaus eða í umsjá annarra barna.
- Eldri börn skilin eftir langtínum saman og þurfa að sjá um sig sjálf.
- Léleg skólasókn, skólaskyldu ekki sinnt.
- Afbrot, árasargirni.
- Heilsugæslu ekki sinnt þótt um vanheilsu sé að ræða.
- Há tíðni smáslysa sem hægt hefði verið að fyrirbyggja.
- Endurteknir áverkar sem barn á erfitt með að útskýra.
- Vannæring.
- Lélegur fatnaður sem hentar illa aðstæðum.
- Vímuefnaneysla foreldra.

### Nafnleynd

Í barnaverndarlögnum er fjallað um nafnleynd tilkynnanda. Hinn almenni tilkynnandi, ættingjar eða aðrir nákomnir, geta óskað nafnleyndar gagnvart öðrum en barnaverndarnefnd, en opinberir aðilar s.s. starfsfólk skóla, leikskóla, spítala, heilsugæslu, starfsfólk annarra félagsmálastofnana eða barnaverndarnefnda o.s.frv. getur ekki tilkynnt undir nafnleynd.



## **7.5. Börn með annað móðurmál en íslensku**

7.5.1. Móttökuáætlun er aðlöguð aðstæðum hverju sinni. Þá er farið yfir hversu mörg börn eru í skólanum hverju sinni, með annað móðurmál en íslensku. Þarfir hvers barns eru metnar af sérkennara. Þá er tekið mið af bakgrunni barnsins, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggt er að börnin og foreldrarnir fái ráðgjöf og aðgang að öllum upplýsingum um Barnaskólann.

7.5.2. Túlkaþjónusta; Barnaskólinn hefur nýtt sér þjónustu Alþjóðahússins og fengið túlka frá því ef þurfa þykir.

## **8. Hagnýtar upplýsingar um skólastarf**

Barnaskólinn skiptist í tvennt eins og áður segir, yngra stig og miðstig. Yngra stig Barnaskólans á Hjallabraut opnar kl. 7:45 en formlegt skólastarf hefst kl. 9:00 og stendur til 14.30. Kennsla á miðstigi hefst kl. 8.30 og lýkur kl. 14.30. Skólinn opnar kl. 8.00. Skóladagurinn er samfelldur með stundarhléum og matarhléi. Foreldrum barna í 1.-4. bekk býðst að kaupa tómstundastarf skv. 33. grein grunnskólalaga. Tómstundastarf er í boði fyrir börn í 1.-4. bekk, eftir skólann til kl. 16:30 á daginn. Einnig er starfræktur tómastundaskóli í vetrarleyfum og í júní.

Símanúmer skólans er 555-7910 og netfang skólans er [xxxx](#).

Heimasíða skólans er [www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)

### **8.1. Forfallatilkynningar**

Ef foreldrar eða starfsfólk þurfa að biðja um leyfi er það gert annars vegar með því að ræða við kennara barns eða sækja um leyfi til skólastjóra. Ef boða þarf forföll af einhverju tagi, s.s. veikindi, er það tilkynnt símleiðis eða með tölvupósti að morgni dags.



## **8.2. Bókasafn**

Bókasafn er ekki í skólanum en nemendur og skólinn er í samstarfi við Bókasafn Hafnarfjarðarbæjar. Nýta sér Borgarbókasafnið. Hver barnahópur fer á bókasafnið a.m.k. einu sinni í mánuði og tekur bækur fyrir hvern mánuð í bókakassann sinn sem hver hópur hefur yfir að ráða. Starfsfólk safnsins og kennarar skólans hafa tekið að sér að kenna börnum um þá grunnfærni sem þörf er á til að geta umgengnist bókasafn með réttum hætti. Fartölva og spjaldtölvar eru á hverjum kjarna. Kennarar eru ábyrgir fyrir notkun þeirra.

8.2.1. Börn sem eru með farsíma geyma þá hjá kennara á skólatíma.

## **8.3. Máltíðir**

Nemendur fá heitan málssverð á skólatíma auk morgunverðar og síðdegishressingar í tómstundastarfi. Allar máltíðir koma frá fullbúnu mötuneytiseldhúsi sem staðsett er í Barnaskólananum. Í eldhúsinu starfa matráður og aðstoðarmanneskja og er eldhúsið með starfsleyfi tilskilinna aðila.

## **8.4. Viðtalstímar**

Viðtalstímar kennara eru eftir samkomulagi en allir kennarar eru í mjög góðu sambandi við foreldrahópinn sinn. Foreldrar geta leitað til kennara á skólatíma, hvort heldur sem er fyrir kennslu, í tölvupósti eða símleiðis að kennslu lokinni.

## **8.5. Óskilamunir**

Í foreldraviðtölu og við önnur tækifæri þegar foreldrar koma í heimsókn í skólann, svo sem í morgunkaffi eða aðrar hátíðir, er óskilamunum safnað saman og foreldrar og börn hvött til að finna sínar eigur í þeim. Hafi óskilamunir verið ósnertir í eitt ár eru fótin gefin til góðgerðarmála.



## **8.6. Íþróttahús og sundlaug**

Samningur hefur verið gerður við íþróttafélagið FH, Kaplakrika, um afnot af íþróttasal fyrir íþróttakennslu. Börnin í Barnaskólanum sækja sundkennslu í Sundhöll Hafnarfjarðar. Kennrarar fylgja barnahópnum og ganga þau eða fara með strætisvagni. Íþróttakennari Barnaskólans kennir börnunum sund og íþróttir. Ef upp koma þær aðstæður að sund eða íþróttir í dagsskipulagi falla niður kemur íþróttakennari á öðrum tíma í skólann og fer með börnunum í úti-íþróttatíma.

Kennrarar sjá um úti íþróttatíma auk þess sem börnin fá jógakennslu reglulega yfir skólaárið.

## **8.7. Heimanám**

Heimanám felst eingöngu í daglegum heimalestri.

## **8.8. Slys eða tjón**

Slys er verða á skólatíma utan sem innan skólabyggingar eru skráð af skólastjóra og öllu tjóni sem börn eða starfsfólk verður fyrir á skólatíma er skólinn tryggður fyrir.

## **8.9. Vinnurými kennara**

Vinnurými kennara er rúmgott og er samnýtt undir kaffistofu og vinnuaðstöðu. Allur undirbúningur kennara fer þar fram.

## **8.10. Starfsmannaðstaða**

Starfsmannaðstaða er góð. Aðbúnaður fyrir utanyfir flíkur, einkamuni kennara og slíkt er góður. Sérstök munahólf eru fyrir hvern kennara. Kaffistofa er til staðar sem er samnýtt með vinnurými kennara og skrifstofu skólastjóra.

## **8.11. Salerni**

Eitt starfsmannasalerni er í húsi og salerni barna er fyrir framan kjarnana.

## **8.12. Skrifstofa**

Skrifstofa skólastýru er á fyrstu hæð skólans. Skólastýra sinnir allri skrifstofuvinnu.

## **8.13. Umferð við skólann**

Umferð við skólann er takmörkuð við 35 km hámarkshraða. Skólinn stendur við umferðagötu og búið er að gera það sem hægt er til að fyrirbyggja óhöpp. Sérstök aðrein er að skólabyggingunni. Á skólatíma ganga börn og kennara út um útganga sem snúa ekki út á götu.

## **8.14. Viðhald húsnæðis**

Viðhald húsnæðis er í höndum Hjallastefnunnar.



## **Þrif**

Þrif eru unnin annars vegar í síþrifum yfir daginn og hins vegar með kvöldræstingu

## **9. Mat á skólastarfi**

### **9.1. Sjálfsmat skólans**

Sjálfsmat skólans eða gæðamat skv. 36. grein grunnskólalaga er með hliðstæðum hætti og sjálfsmat í öðrum leik- og barnaskólum Hjallastefnunnar og kemur fram í námskrá skólans. Þar er metið með kerfisbundnum hætti bæði árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þáttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Að auki mun Hafnarfjarðarbær sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr. sömu laga.

## **10. Samstarf við önnur skólastig og grenndarsamfélag**

### **10.1. Samstarf við leikskóla**

Barnaskólinn er í samstarfi við nágrannaskóla sinn, Leikskólann Hjalla auk þess sem miðstig Barnaskólans á í samstarfi við miðstig Hjallastefnunnar í Garðabæ, Vífilsskóla. Samstarfið er í ýmsu formi en tengist að miklu leyti flutningi barna úr leikskólanum yfir í Barnaskólann. Eins starfa kennarar saman í tilfallandi vináttuverkefnum yfir veturinn. Miðstigskennarar hittast reglulega á samráðsfundum.

### **10.2. Samstarf við tónlistar- og myndlistarkennara**

Boðið hefur verið upp á myndlistar- og ukulelenámskeið fyrir 1.-4. bekk í skólanum að loknum hefðbundnum skóladegi. Gestakennarar hafa séð um kennsluna.

### **10.3. Samstarf ýmsar stofnanir**

Barnaskólinn á í góðu samstarfi við ýmsar stofnanir, eftir því hvaða verkefni liggja fyrir. Þar má nefna stofnanir eins og Barnavernd, Raddlist ehf. og fleira.



## **11. Frístundastarfsemi**

Boðið er upp á frístundastarf fyrir 1.-4. bekk í Barnaskólanum við Hjallabraut eftir skóla frá kl.14.00 – 16.30. Þar eru börn í starfi inni á kjörnum með kennurum eða leiðbeinendum. Þau fá nónhressingu og geta valið sér ýmis viðfangsefni.

## **12. Ýmsar áætlanir**

Í Barnaskólanum í Hafnarfirði er starfandi aðgerðarteymi vegna ofbeldis gegn börnum. Í teyminu sitja skólastjóri og skólasálfræðingur. Aðgerðaráætlun hefur verið gerð af ofangreindum aðilum og er hún á heimsíðu skólans.

Áætlun gegn einelti er einnig á heimasíðu skólans.

Eldvarnar- og rýmingaráætlun er til staðar. Hún er aðgengileg starfsfólki í skólanum. Sama má segja um áætlun um viðbrögð við óveðri. Viðbragðsáætlun Almannavarna er á heimasíðu.

### **14.1. Áfallaáætlun**

Í Aðalnámskrá grunnskóla segir að eitt af skilgreindum hlutverkum grunnskólans sé að gæta þess að nemendum líði vel, andlega, líkamlega og félagslega. Það er því augljóst að rétt viðbrögð við áföllum er nauðsynleg.

Í skólanum er starfrækt áfallaráð.

Hlutverk þess er:

- að að fara með verkstjórn þegar sorgaratburðir, válegir atburðir eða alvarleg áföll verða meðal nemenda og/eða starfsfólks innan skólans eða í tengslum við hann.
- að standa að fræðslu fyrir starfsfólk skólans um viðbrögð barna og unglina við áföllum (þó ekki í tengslum við sorgaratburði).
- að hvetja kennara til að fjalla um dauðann/áföll/missi í kennslu sinni án sérstaks tilefnis.
- að sjá til þess að foreldrum sé bent á það á hverju hausti að skólinn vill vita ef breytingar verða á heimilishögum nemenda, s.s. alvarleg veikind, skilnaður og dauðsfall.



Í áfallaráði eru skólastjóri, sálfræðingur og sóknarprestur. Taka þarf tillit til þess, að hugsanlega vill sá aðili sem sorgaratburður snertir náið, ekki íhlutun prests.

Skólastjóri er aðalstjórnandi viðbragðsferils. Hann aflar upplýsinga, staðfestir og veitir þær. Ef kennari eða annar starfsmaður fréttir af áfali í tengslum við skólann kemur hann upplýsingum til skólastjóra.

Börn.

Ef viðkomandi sem fyrstur fær fréttir af alvarlegum atburði sem tengist barni í skólanum er ekki kennari barns skal viðkomandi hafa samband við skólastjóra sem tekur málið áfram og hefur samband við viðkomandi kennara. Kennari og skólastjóri vinna saman að því að vera í sambandi við aðstandendur hvort heldur sem er að láta foreldri vita af alvarlegum atburði sem átt hefur sér stað í skólanum eða til þess að fá frekari fréttir frá foreldri vegna atburðar. Skólastjóri hefur samband við prest sem situr í áfallaráði ef eftir því er óskað af foreldri/forráðarmanni eða kennara. Skólastjóri kallar saman áfallaráð skólans sem fer yfir atburð og ákveður næstu skref um hvernig sé best að vinna úr áfali með barnahópnum og kennara.

Starfsfólk.

Ef viðkomandi sem fær fréttir af alvarlegum atburði sem tengist starfsmanni skólans er ekki skólastjóri skal viðkomandi setja sig fyrst í samband við skólastjóra. Skólastjóri hefur beint samband við starfsmann eða nánasta aðstanda hans. Skólastjóri hefur samband við prest sem situr í áfallaráði ef eftir því er óskað. Skólastjóri kallar saman áfallaráð skólans sem fer yfir atburð og ákveður næstu skref um hvernig best sé að vinna úr áfali með starfsmannahópnum annars vegar og barnahópi viðkomandi starfsmanns hins vegar.



## **14.2. Forvarnarstefna**

Forvarnarstefna Barnaskólans í Hafnarfirði felur í sér að fara ætíð eftir meginreglu eitt sem snýr að börnum. Alltaf skal hafa gætur á hverju einasta barnai. Hlutverk starfsfólks er að búa hverju barni þau skilyrði að því líði alltaf sem allra best í skólanum, finni til trausts, virðingar, réttlætis og umhyggju í sinn garð. Með fámennum nemendahópum á hvern kennara gefst aukið svigrúm til að fylgja eftir líðan hvers barns og nánari tengsl kennara og barns myndast. Það er skilyrðislaust hlutverk hvers starsfmanns við skólann að setja barn alltaf í forgang í daglegum störfum samkvæmt meginreglu eitt í starfsháttum Hjallastefnunnar.

## **14.3. Jafnréttisáætlun**

Jafnréttisnámskrá Hjallastefnunnar byggir m.a. á eftirfarandi þáttum: samskipti, vinátta og félagsleg færni, sjálfsstjórn og sjálfstæði svo og lýðræði og jafnrétti, sem metnir eru að verðleikum til jafns á við aðrar hefðbundnar námsgreinar Aðalnámskrár grunnskóla. Þannig er öll kennsla bundin við markmið og leiðir kynjanámskrár Hjallastefnunnar þar sem ofangreindir þættir eru skilgreindir samkvæmt þörfum bæði stúlkna og drengja. Markvisst er unnið að því að bæði kyn fái notið sín, á eigin forsendum. Með kynjanámskránni er í fyrsta lagi beitt kynjaskiptingu stærstan hluta dagsins til að tryggja báðum kynjum réttláta kennslu, athygli, hvatningu og rými og einnig til að bæði stúlkur og drengir geti ótrufluð æft bæði eiginleika og færni sem í kynjablönduðu skólstarfi er venjulega einokað af hinu kyninu. Í öðru lagi er lagt upp úr að meta jákvæða þætti í menningu beggja kynja og auðga reynslu þeirra til að sporna gegn þeim veikleikum bæði stúkna- og drengjamenningar sem birtist þegar kynjamenningin verður of einhliða. Í þriðja lagi er beitt svonefnndri uppbótarvinnu til að styrkja bæði stúlkur og drengi á þeim sviðum sem hafa verið vanrækt vegna kynferðis þeirra. Þannig þarfnaðast stúlkur sérstakrar styrkingar og þjálfunar á sviði einstaklingseiginleika og má þar nefna sjálfstæði, jákvæðni, kjark og frumkvæði. Drengir þarfnaðast hins vegar styrkingar og meiri þjálfunar en þeir venjulega fá á sviði félagslegrar hæfni og ber þar hæst hegðunarkennsla, samstöðuæfingar t.d. gegn einelti og þjálfun í vináttu og nálægð. Bæði kyn fá þó vitaskuld bæði



einstaklings- og félagsþjálfun en í mismiklu magni og á ólíkum forsendum eftir þörfum hvors kyns fyrir sig. Markmið kynjanámskrár Hjallastefnunnar er því að veita öllum börnum aðgang og þjálfun að öllum sammannlegum eiginleikum – óháð kynferði.

#### **14.4. Vistvernd – umhverfisstefna**

Ein af meginreglum Hjallastefnunnar rammar sérstaklega inn þá þætti er lúta að umgengni við náttúruna eins og segir um meginreglu fimm; þá snýst hún um náttúru og felur í sér að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu. Barnaskólinn í Hafnarfirði öðlaðist Grænfánann síðastliðið vor frá Landvernd en hann er hluti af alþjóðlegu verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu skólangs.

#### **14.5. Upplýsingastefna**

Hjallastefnan rekur heimasíðu Barnaskólangs og heimasíða skólangs er virk og aðgengileg foreldrum. Sérstök fjölskyldusíða er starfrækt fyrir hvert barn, þar sem foreldrar geta gengið að helstu skráðu upplýsingum um barnið sitt, myndasafni, upplýsingum varðandi mánaðrleg gjöld við skólann birtast á fjölskyldusíðu, ásamt því sem foreldrar geta sjálfir gert breytingar á upplýsingum um barn eins og breytt heimilisfangi og vistunartíma fyrir og eftir skóla. Barnaskólinn kappkostar að koma upplýsingum til foreldra á sem aðgengilegastan hátt og eru fréttir á heimasíðu og tölvupóstur þeir miðlar sem gegna stærsta hlutverkinu á því sviði. Kennrarar senda föstudagsfréttir vikulega í tölvupósti en þær eru einnig vistaðar á fjölskylduvefnum. Myndasafn skólangs er einn lykilþáttur í upplýsingu um starfshætti og það starf sem unnið er hverju sinni. Í hverjum mánuði er gert ráð fyrir að kennari taki um 300 myndir af barnahópnum sínum í leik og starfi. Aðgang að myndasafninu hafa foreldrar í gegnum læsta fjölskyldusíðu.

#### **14.6. Próunar- og nýbreytniverkefni**

Barnaskólinn er í sífelldri þróun og býður upp á nýbreytni í skólastarfi. Skólinn er ungar að árum og hefur hafið sitt níunda starfsár. Barnaskóli Hjallastefnunnar er nýtt stef í skólapróun á Íslandi. Kennsluhættir og starfsrammi nemenda og kennara er með óhefðbundnum hætti. Kennsla fer fram í tveimur lotum einni fyrir hádegi og annari eftir hádegi. Loturnar eru brotnar upp annars vegar með klukkustunda valtíma og hins vegar er kennslan sjálf brotin upp með reglubundnum hætti í hvorri lotunni fyrir sig. Nemendum er kynjaskipt og er kennt í fámennum hópum. Unnið er sérstaklega með samskipti kynjanna með markvissum hætti á hverjum degi. Hjallastefnan felur í sér jákvæða styrkingu fyrir hvort kynið fyrir sig og stuðlar að jákvæðari samskiptum milli kynja sem og meðal þeirra.



#### **14.7. Siðareglur Kennarasambands Íslands**

Siðareglur eru settar til að stuðla að fagmennsku kennara, styrkja fagvitund þeirra og samstöðu og verja heiður stéttarinnar. Siðferðilegar kröfur til kennara eru miklar og hafa því sett sér siðareglur til að vera þeim til leiðbeiningar í starfi.

Kennrar vinna að því að mennta nemendur og stuðla að alhliða þroska þeirra með fræðslu, uppeldi og þjálfun.

Kennara ber að virða réttindi nemenda og hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi, efla sjálfsmynd þeirra og sýna sérhverjum einstaklingi virðingu, áhuga og umhyggju.

Kennara ber að hafa jafnrétti allra nemenda að leiðarljósi í skólastarfi. Kennrar eiga að vinna gegn fordómum og mega ekki mismuna nemendum t.d. vegna kyns, þjóðernis eða trúarbragða.

Kennara ber að nota fremur lof en ávítur og sé hvoru tveggja beitt af sanngirni.

Kennari skal leitast við að skapa góðan starfsanda, réttlátar starfs- og umgengisreglur og hvetjandi námsumhverfi.

Kennari skal leitast við að vekja með nemendum sínum virðingu fyrir umhverfi sínu og menningarlegum verðmætum.

Kennara ber að viðhalda starfshæfni sinni, auka hana og fylgjast með nýjungum og umbótum á sviði skólamála, vönduðum vinnubrögðum og góðum siðum.

Kennara ber að hafa samvinnu við forráðamenn eftir þörfum og gæta þess að upplýsingar sem þeir/hann veita/veiti forráðamönnum séu áreiðanlegar og réttmætar.

Kennari skal virða ákvörðunarrétt forráðamanna ósjálfráða nemenda og hafa ekki samband um málefni nemenda við sérfraðinga utan viðkomandi skóla, nema slíkt sé óhjákvæmilegt til að tryggja velferð og rétt barnsins.

Kennara ber að gæta trúnaðar við nemendur.

Kennara ber að gæta þagmælsku um einkamál nemenda og forráðamanna þeirra sem þeir fá/hann fær vitneskju um í starfi.

Kennari skal gæta heiðurs og hagsmuna kennarastéttarinnar.

Kennurum ber að vinna saman á faglegan hátt, taka þátt í að marka stefnu og móta daglegt starf í skólanum.

Kennurum ber að sýna hver öðrum fulla virðingu í ræðu, riti og framkomu.

Kennara ber að tala með virðingu um samstarfsmenn í viðurvist nemenda og forráðamanna þeirra.



#### **14.8. Pagnarskylda, trúnaður og trúnaðargögn**

Allt starfsfólk og sérfraðingar sem sinna störfum á vegum skólans eru bundnir þagnarskyldu um hvaðeina sem þeir verða áskynja í starfi sínu. Starfsfólk ber því að gæta fyllsta trúnaðar við nemendur og forráðamenn þeirra. Yfirmaður sérkennslu er með öll trúnaðargögn sem tengjast nemendum og þar er hægt að lesa þau en hvorki má ljósrita þau né fara með þau úr húsi. Eingöngu forráðamaður nemenda má fá ljósrit af gögnum en forræðislaust foreldri má koma í skólann með leyfi forráðamanns og lesa gögnin.

## **Heimildir og ítarefni**

Lög um breytingu á lögum grunnskóla. 2006. [Sótt 1. apríl 2014]

<http://www.althingi.is/althext/stjt/2006.098.html>

Lög um grunnskóla. 2008. [Sótt 1. apríl 2014]

<http://www.althingi.is/lagas/135b/2008091.html>

Magrét Pála Ólafsdóttir o.fl.. (2007). *Námskrá Barnaskóla Hjallastefnunnar*.

Hafnarfjörður, Hjallastefnan ehf.

Reglugerð um sérkennslu. 2010. [Sótt 1. apríl 2014]

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/585-2010>

